

## AUGLÝSING

### um skipulagsmál í Akureyrarkaupstað.

*Breyting á deiliskipulagi Fjörunnar og Innbæjarins, Hafnarstræti 17.*

Bæjarráð Akureyrarkaupstaðar hefur þann 21. ágúst 2008 í samræmi við 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga samþykkt deiliskipulagsbreytingu fyrir Fjöruna og Innbæinn, Hafnarstræti 17. Breytingin felst í að lóðin stækkar um 2,5 m til norðurs og jafnframt er gert ráð fyrir byggingarreit fyrir bílskúr. Stærð bílskúrs er 5x8 m og hámarkshæð er 3,5 m.

*Breyting á deiliskipulagi íbúðarsvæðis við Mýrarveg.*

Bæjarráð Akureyrarkaupstaðar hefur þann 21. ágúst 2008 í samræmi við 1. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga samþykkt deiliskipulagsbreytingu á íbúðasvæði við Mýrarveg. Breytingin felst í að lóðastærðum er breytt lítillga og bætt við bílastæðum, og bætt er við lóðinni nr. 14 við Kambsmýri þar sem gert er ráð fyrir byggingarreit fyrir bílgeymslu. Breytingar eru gerðar á götu og þar er m.a. bætt við bílastæðum.

Deiliskipulagstillögurnar hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og öðlast þær þegar gildi.

*F.h. skipulagsstjóra Akureyrarkaupstaðar, 12. september 2008,*

**Anna Bragadóttir**, fulltrúi skipulagsmála.

---

B-deild – Útgáfud.: 29. september 2008